

Pegar skipta þarf launum, skal það gert þannig, að fyrir búnaðarskoðun greiðist 1/3 hluti og fyrir vélaskoðun greiðist 1/3 hluti og fyrir bolskoðun greiðist 1/3 hluti.

Hálf rúmlest eða meira telst heil, en minna broti skal sleppt.

2. gr.

**Aukaskoðun, eftirlit með nýsmíði o. fl.**

Fyrir aukaskoðun, mælingu skipa, eftirlit með nýsmíði, viðgerðum og breytingum greiðist samkvæmt reikningi skoðunarmanna, sama gildir um ferðakostnað.

Skal greiðslan miðuð við tímakaup fastráðinna skoðunarmanna Siglingamálastofnunar fyrir dag- eða yfirvinnu, eftir því sem við á hverju sinni.

3. gr.

**Vottorð.**

Skoðunarmönnum er heimilt að innheimta kr. 300 hjá þeim sem biður um vottorð vegna endurgreiðslu tolla og eyðingu skips.

4. gr.

**Reikningar.**

Skipaskoðunarmenn skrifi reikninga fyrir störf sín í fjórriti í þar til gerðar bækur sem siglingamálastjóri lætur þeim í té.

Laun samkvæmt 1. gr. skulu sýslumenn eða bæjarfógetar greiða gegn frumriti og einu afriti, en siglingamálastjóra sent annað afrit ásamt skoðunarskýrslu.

Laun samkvæmt 2. og 3. gr. greiðir Siglingamálastofnun ríkisins gegn reikningi skoðunarmanns í tvíriti og skoðunarskýrslu.

5. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 20 30. apríl 1986 um Siglingamálastofnun ríkisins, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1987 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 165 3. apríl 1985 um laun skipaskoðunarmanna ríkisins, sem ekki eru á föstum launum.

*Samgönguráðuneytinu, 9. janúar 1987.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

**AUGLÝSING**

**um umferð á Ísafirði.**

Að fenginni tillögu bæjarstjórnar Ísafjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 er hér með sett eftirfarandi regla um umferð á Ísafirði:

Bífreiðastöður eru bannaðar beggja vegna Austurvegar frá Norðurvegi að Grundargötu alla virka daga nema laugardaga á tímabilinu frá kl. 08.00 til kl. 16.00.

*Lögreglustjórnin á Ísafirði, 9. janúar 1987.*

**Pétur Kr. Hafstein.**